

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 18. apríl 2011 í máli nr. S-441/2011:

**Ákærvaldið**

*(Sigrún Inga Guðnadóttir ftr.)*

**gegn**

**Olgeiri Guðbergi Valdimarssyni og**

**Ægi Þór Þrastarsyni**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 22. mars 2011 á hendur Olgeiri G, Valdimarssyni, kt. [...], Suðurgötu 45, Hafnarfirði, og Ægi Þór Þrastarsyni, kt. [...], Lynghvammi, Hafnarfirði, fyrir eftirtalin brot:

### I.

Ákærðu báðum fyrir hegningarlaga brot í Hafnarfirði með því að hafa þann 27. júlí 2010 í félagi við óþekktan aðila í heimildarleysi tekið bifreiðina [...] þar sem hún stóð við Lækjarhvamm 1 og notað hana með þeim hætti að Olgeir ók henni um ýmsar götur í Hafnarfirði og svo aftur að Lækjarhvammi þar sem þeir stöðvuðu aksturinn og umráðamenn bifreiðarinnar náðu til þeirra en lögregla kom á vettvang skömmu síðar.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956.

### II.

Ákærða Ægi Þór fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í sama skipti og greinir í I. kafla haft í vörslum sínum 3,52 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni sem hann framvísaði lögreglu.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að gerð verði upptæk fíkniefni sem lögregla lagði hald á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Ákærðu krefjast vægustu refsingar er lög leyfa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og ákærðu hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærðu hafa skýlaust játað brotin. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að þeir eru sekir um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Olgeir er fæddur í maí 1992 en ákærði Ægir Þór í júní 1992. Samkvæmt sakavottorði ákærðu hafa þeir ekki áður gerst sekir um refsiverða háttsemi og þeir hafa skýlaust játað brot sín. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá skal ákærði Ægir Þór sæta upptöku á 3,52 g af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærðu, Olgeir Guðbergur Valdimarsson og Ægir Þór Þrastarson, sæti hvor um sig fangelsi í 1 mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Ægir Þór sæti upptöku á 3,52 g af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Sandra Baldvinsdóttir